

# Uppboð á búi vesturfara

Bakkareli og Jónas Hallgrímsson á Steinsstöðum  
Mikinnáls vinnu upplærnis og uppsetis sem  
hjá greinis (---)

N <sup>o</sup>	Nafn hlutanna	Rs	u	Nafn kaupenda
1	Nordanfari 2 á	---	"	05 x Björn Ólafsson
2	dto 2 á	---	"	05 x Sami
3	Nordlingar 3	---	"	05 x Sami
4	dto 2	---	"	05 x Sami
5	dto 2	---	"	05 x Magnús Hólmur
6	smárit þjófvinabjfl.	---	"	10 x Ólafur Bakkareli
7	Bóttmentabjfl saga	---	"	10 x Einar Þrauni
8	smárit	---	"	10 x Ólafur Bakkareli
9	rimur þreifadar	---	"	10 x Sami
10	bóttarell	---	"	05 x Björn Ólafsson

Síða úr uppskrifta- og uppboðsbók Skriðhrepps 1881-1889.

Pórey Jónsdóttir og Sigfús Jónas Hallgrímsson voru gefin saman í Bakkakirkju í Öxnadal 24. júní 1874. Jónas hafði átt heima á Bakka lengi. Hann fluttist þangað með foreldrum sínum 1854 en nú var faðir hans, Hallgrímur Kráksson, látinn og Jónas bjó með móður sinni Rósu Jónsdóttur. Pórey ólst upp hjá ættingjum sínum á bænum hinu megin við ána, á Steinsstöðum. Eftir að Jónas og Pórey giftust var Jónas skráður fyrir búinu, ásamt móður sinni, og smátt og smátt stækkaði hans hluti búins og þegar Rósa lést var búið alfarið á nafni Jónasar.

Eldri sonur Póreyjar og Jónasar fæddist 20. mars 1875. Hann var skírður Hallgrímur. Rúmu ári síðar fæddist svo Stefán Jón eða 29. maí 1876 og dóttirin Rósa fæddist árið 1879. Um haustið 1882 dóu tvö þessara barna, Rósa lést 31. október og Hallgrímur 25. nóvember. Sama dag og Rósa kvaddi þennan heim fæddist önnur dóttir sem fékk nafn þeirrar eldri.

Jónas og Pórey fluttu til Ameríku árið 1883, með börnin sín tvö Stefán Jón og Rósu. Í maí 1883 var haldið uppboð á Bakka þar sem ýmsir búshlutir voru seldir.

## Heimildir

Kirkjubækur á Bakka og Bægisá.

H-7/5 Skriðhreppur. Hreppsþók 1865-1881.

H-7/6 Skriðhreppur. Hreppsþók 1881-1896.

H-7/14 Skriðhreppur. Uppskrifta- og uppboðsbók 1881-1889.